
Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 3.tbl. 10. árg

Nóvember 2020



Komið þið sælir kæru forráðamenn

Nú er fyrsti dagur í breyttu skipulagi Glerárskóla, vegna hertra aðgerða stjórnvalda, liðinn og allt gekk vel fyrir sig. Takk fyrir öll sem eitt.

Það eru tæplega þrjú mánuðir liðnir af skólaárinu og margt sem á dagana hefur drifið. Veðrið hefur verið gott í haust og skólastarfið mikið farið fram utanhúss. Kennarar eru duglegir að huga að fjölbreyttum kennsluháttum og sitja m.a. á skólabekk til að útvíkka þekkingu og leikni. Læsi er okkur hugleikið og því vinnum við hörðum höndum að því að efla áhuga nemenda á því að leita lausna, lesa meira og verða læsari á umhverfi sitt. Miklu skiptir þegar nám er annarsvegar að samvinna heimilis og skóla sé mikil og sterk. Það er því afar mikilvægt að forráðamenn hvetji börnin sín til lestrar og einnig er gott að reyna að vekja áhuga þeirra til að leita sér upplýsinga um málefni sem þau hafa áhuga á en þannig eflum við vitund barnanna og umhverfislæsi. Tölum við þau og sköpum umræður svo þau finni hvers virði þau eru okkur og samfélaginu. Þá eflum við þau sem ábyrga einstaklinga sem taka þátt í því umhverfi sem við lifum og hrærumst í dags daglega.

Aðstæður í samfélaginu okkar í dag litast af kórónuveirunni. Við í skólasamfélaginu gerum öll okkar besta til að halda skólastarfinu eins eðlilegu og hægt er fyrir börnin og til þess þarf góða samvinnu milli skólans og heimilanna. Eins og staðan er núna er eingöngu hluti nemenda í skólanum en við vonum svo sannanlega að það tímabil verði ekki langt. Við þökkum fyrir hversu tilbúnir allir eru til að haga seglum eftir vindi og bregðast við því sem þarf eins og t.d. með rafrænu viðtölin sem voru nú í október og skipulag skólastarfsins eins og það er núna.

Við biðjum svo alla að lesa fréttabréfið vel og nýta sér heimasíðuna okkar til upplýsingaöflunar. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá ritara eða umsjónarkennurum í gegnum tölvupóst.

Við erum lærdómssamfélag og einkunnarorðin okkar eru:

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Ábending frá íbúa í hverfinu okkar

Borgarhlíð 1-3-5 er rétt fyrir ofan Glerárskóla. Þar standa 2 stórar blokkir sem eru með sameiginlegt bílastæði 36 íbúða þar sem flestir fara úr húsi um kl. 8:00 á morgnana. Um það leyti eru einnig mörg börn á leiðinni í Glerárskóla.



Gott væri að ítreka við börnin sem eiga leið þarna um að þau hvorki hjóli né gangi yfir bílapanið en á þessum tíma á morgnana er planið því miður oft stútfullt af hjólandi og gangandi börnum sem eru að stytta sér leið í skólann. Íbúar í blokkunum eru á þessu tíma að bakka og keyra af planinu og þó bílstjórnarnir passi sig og hafi aðgát getur verið afar varasamt og jafnvel stórhættulegt að hjóla eða ganga á bílastæðinu og aldrei að vita hvað getur gerst.

Við hliðina á bílplaninu er frábær göngustígur og því eru börnin nánast ekkert að stytta leið sína með því að krossa yfir bílapanið.

Við í skólanum óskum því eftir að forráðamenn ræði við sín börn um hættuna sem getur leynst í því að hjóla eða ganga/hlaupa yfir bílplön á leið í skólann.

Við þökkum einnig íbúa þeim sem sendi okkur þessa góðu ábendingu kærlega fyrir.


Varðandi notkun andlitsgríma - góð ábending frá foreldri

Það er magnað að eiga að góðan forráðamannahóp þegar aðstæður eru eins og nú í okkar samfélagi.

Góð ábending kom frá einu foreldri um hvernig við getum gert notkun andlitsgríma auðveldari fyrir börnin okkar.

Sú ábending felur í sér að **merkja með upphafsstöfum eitt horn grímunnar og í hitt hornið með dagsetningu** svo við vitum hvenær gríman er fullnotuð. (sjá mynd)

Við þurfum líka að huga að því að klippa/slíta þarf böndin áður en grímuni er hent, reyna að snerta bláa svæðið sem allra minnst og henda í almennt sorp.



Útivistartími og svefn

Útivistartími

Við minnum aftur á að útivistartími nemenda frá 1. september er sem hér segir:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00



Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.

Svefn

Við bendum líka aftur á að börn þurfa góðan svefn til að vaxa og dafna.

Eðlilegur svefntími barna á skólaaldri er 9-11 klukkustundir á sólarhring.



Það skiptir því miklu máli að börnin okkar fari að sofa fyrir kl. 10 á kvöldin svo þau nái þeirri hvíld sem talin er nauðsynleg.

Sjáumst vel í umferðinni

Nú er orðið áliðið að hausti og skammdegið smám saman að læðast inn. Myrkur er á morgnana þegar nemendur eru á leið í skólann og bráðlega fer að verða rökkur síðdegis.



Við biðjum forráðamenn að brýna fyrir nemendum að fara varlega á leið í og úr skóla. Einnig óskum við eftir því að forráðamenn sjái til þess að börnin séu með endurskinsmerki á fötum, töskum og/eða skóm. Það getur verið lífsnauðsynlegt að vera vel merktur nú þegar vetur gengur í garð.

Við bendum einnig á að mörg þeirra barna sem koma á hjóli í skólann eru ljóslaus og sjást illa. Þetta getur verið mjög varasamt núna í mesta skammdeginu. Vinsamlega sjáið til þess að hjól barnanna séu vel útbúin í myrkrinu.



Verum vakandi og „sjáumst“ í umferðinni.

Öryggi í umferðinni - til upprifjunar

Forráðamönnum bendum við á að aka **ekki** inn á bílastæði við skólann heldur sleppa nemendum út á **sleppisvæði við Höfðahlíð** og muna að göturnar í kringum skólann okkar eru með **30 kílómetra hámarkshraða**.

Munum svo að ALLIR NEMENDUR eiga að nota hjálm á öllum farartækjum á hjólum!



Kórónuveiran - staðan í dag

Nú er staðan sú í skólanum okkar að honum hefur verið skipt í fjögur sóttvarnarhólf en þar utan eru árgangar í sérstökum rýmum. Unglingastigið verður í fjarkennslu til að byrja með og 7. bekkur verður í skóla annan hvern dag. 5. - 7. bekkur er í skóla frá 8:00 - 12:00 og fær ekki hádegismat en 1. - 4. bekkur er með fullan skóladag og fær mat í hádegi. Starfsfólki er raðað niður á hólfin og fara sem allra minnst á milli hólfa og rýma.

Þetta skipulag er hugsað til 6. nóvember en þá gæti það breyst.

Allar upplýsingar hafa verið sendar heim en við biðjum alla að fylgjast vel með póstum og heimasíðu/fésbókarsíðu þar sem upplýsingar geta breyst.

Sóttvarnarreglur fyrir nemendur og starfsfólk í skólanum eru enn í hávegum hafðar. Þær eru einfaldar en samt er gott að fara reglulega yfir þær með börnunum svo allir fylgi þeim eftir:

1. Verum dugleg að þvo okkur um hendur með sápu og vatni eða nota spritt. **Alltaf skal spritta hendur við komu í matsal.**

2. Forráðamenn koma ekki inn í skólann (nema afar brýna nauðsyn beri til og þá í samráði við skólann) og þá þurfa þeir að **nota andlitsgrímu og spritta hendur við inngang.**
3. Sínum virðingu í samskiptum og virðum nándarmörk sem eru **2 metrar** innan skólans fyrir fullorðna einstaklinga og nemendur í 5. - 10. bekk.
4. Ef nemendur hafa kvefeinkenni, sáran háls, hitaslæðing, miklar magakvalir eða beinverki skal halda þeim heima og tilkynna veikindi.
5. Láta skal skólann vita ef upp koma Covid19 smit á heimili svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Skólareglur Glerárskóla

Alltaf er gott að rifja upp skólareglur til að minna sig á hvernig við vinnum innan skólans. Reglurnar okkar eru lifandi og í endalausri þróun en innihalda þó ætíð að við sýnum öðrum virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Skólareglur ásamt reglum um farartæki á hjólum og reglum í matsal má finna á heimasíðunni okkar og við hvetjum forráðamenn til að lesa þær með börnunum sínum og skýra út fyrir þeim hversu miklu máli skiptir að sína alhliða góða hegðun og almenna kurteisi allsstaðar þar sem við komum saman.

“Börn veita frekar athygli því sem þú gerir en því sem þú segir.” Mama Zíglar

Helstu atburðir í nóvember og desember 2020

2. - 6. nóvember 2020	7. bekkur Reykir í Hrótafirði - frestað til vors
8. nóvember 2020	Baráttudagur gegn einelti
16. nóvember 2020	Dagur íslenskrar tungu
20. nóvember 2020	Dagur mannréttinda barna
27. nóvember 2020	Glerárvision - sparifatadagur
1. desember 2020	Fullveldisdagur Íslands - fánadagur
17. desember 2020	Uppbrotsdagur - jólaþema - litlu jól unglíngastígs
18. desember 2020	Litlu jól yngsta- og miðstígs - Jólafri nemenda hefst
4. janúar 2021	Skóli hefst að loknu jólafríi

Faglegt starf í Glerárskóla

Eitt af gildum Glerárskóla er að nemandinn er í fyrirrúmi í öllu starfi skólans. Starfsfólk vinnur að því alla daga að gera skólann nemendavænan með því að efla ábyrgð nemenda á eigin hegðun, efla víðsýni þeirra og auka þekkingu þeirra svo þeir verði sjálfstæðir í hugsun, sýni kærleika og virðingu og verði öflugir þjófðfélagsþegar. Í nýrri Menntastefnu Akureyrarbæjar segir m.a.:

Í skólum Akureyrarbæjar öðlast börn hæfni til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf. Til þess fá þau stuðning og hvatningu sem gerir þau hæfari til að lifa og starfa, hvort sem er í íslensku eða í alþjóðlegu samfélagi.

Glerárskóli nýtir jákvæðan aga til að efla nemendur í þeirri hæfni að takast á við ákvarðanir um eigið líf. Samtal og virðing fylgja því að verða hæfur til að taka þátt í alþjóðlegu samfélagi og þar hjálpar jákvæði aginn okkur afar mikið. Bekkjafundur þar sem nemendur ræða saman á málefnalegan hátt gerir þá meðvitaðri um umhverfið, tilfinningar annarra og þá ábyrgð sem þau verða að axla þegar þau taka þátt í samfélaginu. Hugmyndafræði Olweusar styrkir einnig samtalið og eflir nemendur í ábyrgðatöku og samskiptahæfni.



Aukaföt og klæðnaður

Nú fer vetur konungur bráðlega að banka uppá hjá okkur. Þegar snjóar og verður blautt er afar gott að nemendur hafi aukaföt í töskunni og einnig eitt stykki plastpoka undir blautu fötin.

Við minnum líka alla á að nemendur þurfa að koma klæddir eftir veðri í skólann því skólasterfið á sér stað bæði innan og utandyra.

Við minnum líka á að um þessar mundir eru nemendur úti í íþróttatímum og verða því að koma klæddir miðað við veðuraðstæður.



„Vertu alúðlegur við aðra og þeir verða alúðlegir við þig.”

Ábyrgð og skyldur

Stjórnendur Glerárskóla vilja benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1040-2011>

Sem foreldrar berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið.

Það er því alltaf gott að kíkja í reglugerðina og rifja upp ábyrgð og skyldur okkar í skólasamfélaginu.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð
603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

